

MATARHLÉ



Helga Guðnadóttir starfar við heima-hjúkrun á vegum HAK og hún er matgæðingur þessa tölublaðs. Helga töfrar fram bláberjaböku sem hún kvað vera viðfræg fyrir. Hún skorar á Svanhildi Sigtryggadóttur, skólalíða í Brekkuskóla, að birta uppskrift í næsta blaði.

BLÁBERJABAKA MEÐ ÍS EÐA RJÓMA

HRÁEFNI:

Smjördeigið:
150 gr. flórskykur
200 gr. smjör
400 gr. hveiti
2 egg

Bakan sjálf:

600 gr. bláber
Hafrakex, sirka 6 kökur muldar
150 gr. sykur

ADFERD:

Hræra saman flórskyri og smjöri. Setja hveitið saman við og að lokum eggin. Hnoða í sprungulaust deig og kæla í a.m.k. klst. Fletja deigið út og setja það í 25 sm vel smurt smelluform.(smyrja með smjöri og strá hveiti yfir). Láta deigið ná vel út yfir brúnimar því svo er það lagt yfir berin.

Mylja hafrakex í botninn, setja bláberin yfir, því næst sykurrinn og loka að hluta með deiginu. Pensla með eggi.

Bakað við 200°C í 40-45 mínútur. Eftir 25 mínútur er gott að setja álpappír yfir og taka hann af þegar 5 mínútur eru eftir. Borið fram með ís og/eða rjóma. Góð hvort sem bakan er heit eða köld.

LJÓSMYNDASAMKEPPNIN

Nú eru síðustu forvöð að skila inn sumarmyndum í ljósmyndasamkeppni Innanbæjarkrónikunnar. Úrslit verða kynnt í næsta tölublaði og meðal vinninga er út að borða fyrir tvo á sérvalinn úrvalsveitingastað. Sendið okkur myndir á kronikan@akureyri.is og freistið gæfunnar.

GOTT AÐ VITA

Desemberuppbot

Starfsmaður í fullu starfi fær greidda desemberuppbot 1. desember. Með fullu starfi er átt við 100% starf tímabilið 1. janúar til 30. nóvember sama ár. Hafi starfsmaður gegnt hlutastarfi eða starfað hluta úr ári, skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall og/eða starfstíma, þó þannig að hann hafi starfað samfellt a.m.k. frá 1. september það ár. Starfsmaður sem lætur af störfum á árinu, en hafði þá starfað samfellt í a.m.k. 6 mánuði skal einnig fá greidda uppbot miðað við starfstíma og starfshlutfall á árinu. Hlutfall skv. þessari málsgrein er reiknað sem hlutfall af fullri vinnu (100%) í 12 mánuði á almanaksárinu af síðast gildandi uppbot.

Starfsmannavefurinn okkar

Mínt er á að launaseðlar eru alltaf aðgengilegir á starfsmannavefnum. Slóðin er [eg.akureyri.is](http://www.akureyri.is) og þar er sótt um lykilorð. Starfsfólk getur valið um að fá lykilorðið sent í heimabanka eða að sækja það til starfsmannaþjónustu Akureyrarbæjar. Nánari upplýsingar er að finna í starfsmannahandbókinni: <http://www.akureyri.is/starfsmannahandbok/starfsmannavefur/> og hjá starfsmannaþjónustunni í síma: 460 1060.

60 nýliðar taka þátt í nýliðafræðslu

Um 60 nýir starfsmenn Akureyrarbæjar hafa sótt nýliðafræðslu nú í haust á tveimur námskeiðum. Markmiðið með fræðslunni er að nýtt starfsfólk kynnist fjölbreyttri starfsemi sveitarfélagsins og fái innsýn í mál sem snerta starfsmenn beint og óbeint svo sem réttindi og skyldur starfsmanna, vinnusiðferði og kjaramál. Samkvæmt mannaútsstefnu Akureyrarbæjar á allt nýtt starfsfólk að fara á nýliðanámskeið af þessu tagi.



www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Útgefandi: Akureyrarbær

Ritstjóri: Ragnar Hólm Ragnarsson

Ritnefnd: Friðný Sigurðardóttir, Dórothea Jónsdóttir,

Ragnar Hólm Ragnarsson og Samúel Jóhannsson

Netfang: kronikan@akureyri.is

Hönnun og umbrot: Stíll - Prentun: Ásprent

Innanbæjar KRÓNÍKA

6. tbl. 6. árg. STARFSMANNAFRÉTTIR AKUREYRARBÆJAR nóv. 2011



Mýnd: Jón Óskar

HVAÐ GERIST 3. MARS 2012?

Einn af merkisdögum næsta árs verður án efa 3. mars 2012. Þá verður á dagskránni hér í bæ óvæntur viðburður sem fæstir geta séð fyrir. Þess vegna býður ritstjórn Krónikunnar nú upp á spennandi aukageitraun þar sem engin verðlaun eru í boði. Það eina sem þú þarft að gera er að velja einn svarkost hér að neðan og finna svo rétta svarið.

- A) Katla byrjar að gjósa.
- B) Bæjarstjórnin syndir í kringum Hrísey.
- C) Árshátið Akureyrarbæjar verður haldin.
- D) Akureyri verður gerð að höfuðborg Íslands.

Rétt svar er falið annars staðar í þessu tölublaði.

GAMLA MYNDIN

Í síðasta tölublaði var birt mynd af fallettri fermingarstúlku og fólk beðið að bera kennsl á hana. Áður höfðum við birt jólamynd af sömu stúlku en engin svör fengið. Núna reyndist þetta hins vegar auðveldara og voru þónokkrir sem þekktu þarna Margréti Guðjónsdóttur, framkvæmdastjóra Heilsgæslustöðvarinnar á Akureyri. Úr réttum svörum var dregið nafn Björns H. Sigurbjörnssonar hjá Slökkviliði Akureyrar og fær hann að launum tveggja daga kort í Hlíðarfjall veturinn 2011-2012 en nú líður að því að skíðasvæðið verði opnað.



Nú spyrjum við um mynd úr fortíðinni. Ef einhver þekkir konuna fyrir miðri mynd þá væri gaman að fá að vita nafn hennar en stóra spurningin er hins vegar: í hvaða garði er konan að vinna? Sendið okkur svar sem fyrst á netfangið kronikan@akureyri.is – góð verðlaun í boði fyrir rétt svar.

TILBOÐ Í HLÍÐARFJALL

Flóðlýst gönguskíðabraut á skíðasvæðinu í Hlíðarfjalli hefur verið opnuð og senn líður að því að svigbrautirnar verði troðnar hver af annarri. Starfsfólk Akureyrarbæjar fær vænan afslátt af vetrarkortum í Fjallið og býðst að kaupa vetrarkort á sömu kjörum og „fjórir saman“ eða á 24.000 kr. í stað 29.500 kr. Um að gera að nýta sér það!



ÞJÓNUSTUSTEFNA BÆJARINS

Ætíð hér við okkur semst, ei við notum svipur; þjónustan er fyrst og fremst FAGLEG, TRAUST og LIPUR.

Við hjálpumst að ef þess er þörf, þínum óskum sinnum og fróð um okkar fjölbreytt störf FAGLEG öll hér vinnum.

Vísurnar eru eftir Davíð Hjálmar Haraldsson, fyrrverandi launafulltrúa hjá Akureyrarbæ.

Lítir þú til okkar inn sem ætíð verið gæti, brosir glaður bærinn þinn og býður LIPUR sæti.

Ekkert hér við látum laust, þín leyndarmál ei sýnum. Þjónustan er trygg og TRAUST: Treystu bænum þínum.

NÝJAR HEIMASÍÐUR



Vonandi hefur ekki farið fram hjá neinum að heimasíður bæjarins fengu verulega andlitslyftingu 20. október sl. Meðal nýjunga á www.akureyri.is er svokölluð „Íbúagátt“ þar sem safnað er saman ýmsum umsóknareyðublöðum og auglýsingum frá Akureyrarbæ sem bæjarbúar geta nýtt sér og á www.visitakureyri.is hefur meðal annars verið sett upp sérstakt svæði til að kynna möguleika til ráðstefnuhalds í bænum.

Nú er unnið með vefumsjónarkerfið Moya frá norðenska fyrirtækinu Stefnu hugbúnaðarhúsi og er reynslan af því enn sem komið er afskaplega góð. Viðbrögð notenda vefjanna hafa verið mjög jákvæð og er ekki annað að heyra en að langflestir séu mjög ánægðir með þær breytingar sem gerðar hafa verið á vefjunum.

HVAÐ ERTU AÐ GERA?



Síðastliðið ár hefur Linda María Ásgeirsdóttir verið í hálfu starfi sem þjónustufulltrúi á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey. Meðal verkefna hennar er að sjá um bókhald fyrir Hríseyjarferjuna Sævar, ritstýra Skólaakri sem skóladeild gefur út, sjá um afstemmingar fyrir Akureyrarbæ, húsnæðismál í Hrísey, samskipti við Vinnumálastofnun og einnig annast Linda skipulagningu á félagsstarfi fyrir aldraða.

Fyrri störf? Ég hef unnið á Leikskólanum Smábæ í Hrísey og starfaði hjá Siglufjarðarkaupstað í níu ár á leikskóla og á bæjarskrifstofum í bókhaldi og launum. Ég tel mig alveg vera komna með alla vega BA-próf í skóla lífsins! Annars lauk ég ekki framhaldsnámi en náði mér í diplómu í ferðamálafræðum á Hólum í Hjaltadal og hef einnig verið dugleg að sækja ýmis námskeið og fræðslu.

Hvað er skemmtilegast við núverandi starf? Fjölbreytnin.

Fjölskylduhagir? Ég er gift Ómari Hlynssyni rafvirkja sem starfar um þessar mundir í Noregi og eigum við þrjú börn: Grétu Kristínu 21 árs, Ásgeir Kára 19 ára og Emil Hrafn 8 ára.

Byrðu yfir einhverjum leyndum hæfileikum? Það væri þá einna helst á leiksviðinu.

Hallærislegasta atvik sem þú hefur upplifað? Er mjög hallærisleg alltaf.

Uppáhaldsmatur? Núna er það kræklingur og sushi... annars er ég hálfgerð alæta.

Áttu þér draum? Fullt af draumum sem vonandi eiga allir eftir að rætast.

Finnst þér Innanbæjarkrónikan vera bæði skemmtileg og fróðleg? Finnst hún bara mjög fín!